

Nám og kennsla

Til að öðlast nafnbótina **Nýsköpunarskóli** er lögð megináhersla á að vinna með börnum beri skýr einkenni frumkvöðlastarfs. Viðmið og vísbendingar um nám og kennslu verða eðli málsins samkvæmt viðamesti flokkurinn.

Til viðbótar við matsflokka Menntamálastofnunnar koma [Norræn hæfnimarkmið og kennslufræðilegar áherslur í frumkvöðlamennt](#) en það er skilyrði fyrir nafnbótinni **Nýsköpunarskóli** að þau viðmið séu nýtt til að rýna í gæði verkefna sem lögð eru fyrir nemendur.

Inntak og námskrá

Menntastefna íslenskra stjórnvalda birtist í öllu skólastarfinu. Sköpun er einkennandi og greinileg miðja í starfi með nemendum. Kerfisbundið er fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda fagnað og haldið á lofti. Nýsköpunarskólar skipuleggja 70% eða meira af sínum verkefnum með sterk einkenni frumkvöðlamenntar. Verkefni eru samþætt og heildstæð og bera skýr einkenni athafnahæfni, sköpunarhæfni, skilnings á umheiminum og að á persónulega hæfni reyni.

Grunnþættir aðalnámskrár stýra vali á viðfangsefnum í námi og kennslu. Skipulag leiks, náms og kennslu er fjölbreytt og einkennist af lýðræðislegum og nemendamiðuðum starfsháttum og starfsháttum sem leiða til sköpunar. Sérhverjum nemanda er gert kleift að stunda nám við hæfi án aðgreiningar í samræmi við ákvæði laga og áherslur aðalnámskrár og menntastefnu sveitarfélagsins. Verkefni og viðfangsefni miða að því að gera öllum nemendum kleift að taka framförum.

Námsvísar og áætlanir um nám námshópa eða einstaklinga innihalda markmið og viðmið um árangur þeirra verkefna sem nemendur takast á við. Markmið náms eru augljós, sýnileg og aðgengileg nemendum og foreldrum.

Sköpun er burðarvirki kerfisbundinnar samþættingar námsgreina og fer stigvaxandi upp eftir grunnskólanum.

Viðmið og vísbendingar:

1. Inntak og námskrá
 - 1.1. Skólanámskrá fylgir áherslum aðalnámskrár en útfærir nám og kennslu með skýrum einkennum frumkvöðlastarfs.
 - 1.2. Norræn hæfniviðmið eru nýtt til að tryggja stigvaxandi sköpun frá persónulegum úrræðum til frumkvöðlahæfni.
 - 1.3. Í skólanámskrá kemur fram heildarsýn skólans á velferð barna og sú sýn birtist í námi og starfi með börnum.
 - 1.4. Fjölbreytileika og mismunandi hæfileikum nemenda og einkennum er kerfisbundið haldið á lofti.
 - 1.5. Grunnþættir eru hafðir að leiðarljósi við námsskipulag og viðfangsefnum skólanna gerð skil.
 - 1.6. Grunnþátturinn sköpun er einkennandi og sýnilegur hvert sem litið er.
 - 1.7. Grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum en tryggt er að jafnframt sé tekið á viðfangsefnum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
 - 1.8. Grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum en tryggt er að jafnframt sé tekið á viðfangsefnum Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.
 - 1.9. Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísu og áætlunum um nám.
 - 1.10. Í námsvísu og áætlunum námshópa eru greinargóðar lýsingar sem byggja á aðalnámskrá.
 - 1.11. Námsvísar og áætlanir/námshópa eru aðgengilegar og sýnilegar nemendum og foreldrum.
 - 1.12. Námsvísar og áætlanir endurspeglar áherslur um menntun fyrir alla og það hvernig nemendum er mætt á þeirra forsendum án aðgreiningar með áherslu á sköpun.
 - 1.13. Í námsvísu kemur fram hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni allra nemenda kerfisbundið með fjölbreyttum námsferlum.
 - 1.14. Í áætlun um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er háttað hverju sinni.

- 1.15. Í áætlunum um sérstakan stuðning við nemendur eru sett mælanleg markmið og þeim fylgt eftir kerfisbundið.
- 1.16. Sérstakur stuðningur við nemendur fer að langmestu leyti fram innan námsumhverfis alls nemendahópsins.
- 1.17. Sérstakur stuðningur er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá með hliðsjón af námsvísunum og áætlunum viðkomandi námshóps.
- 1.18. Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.

Árangur náms

Nám og skipulag kennslu byggir á þeirri sýn að allir nemendur geti tekið **framförum** með fjölbreyttum og viðurkenndum námsmatsaðferðum.

Alltaf er rúm fyrir einstaklingsbundnar leiðir að markmiðum og árangri. Nemendur og starfsfólk vita að mistök og ítrekaðar tilraunir varða gjarnan leiðina að góðum námsárangri. Viðmið um árangur eru skýr og haldin er ítarleg skráning um verkefni sem nemendur ljúka. Verkefni nemenda er megin sönnun þess að nemendur sýni framfarir og ná árangri. Með verkum sínum sýna nemendur náms- og lykilhæfnina sem stefnt er að samkvæmt aðalnámskrá.

Námsmat ber skýr einkenni leiðsagnarmats sem byggist á markmiðum og viðmiðum um árangur. Stöðugt er einblínt á framfarir hvers og eins. Vaxtarhugarfar eða sambærileg uppeldissjónarmið eru sýnileg í verkefnum og atferli nemenda og starfsfólks.

Viðmið og vísbendingar:

2. Árangur náms
 - 2.1. Leiðsagnarnám og námsmenning er einkennandi þar sem markmið eru skýr og viðmið um árangur eru öllum kunn. Nemendur fá stöðugt tækifæri til að bæta nám sitt á grundvelli leiðsagnarmats.
 - 2.2. Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar, 7. bekkjar og 10. bekkjar eru nýtt sem grunnur að verkefnum nemenda. Skólinn útbýr ekki eigin hæfniviðmið heldur vinnur stöðugt að hæfniviðmiðum aðalnámskrár með fjölbreyttum verkefnum þar sem viðmið um árangur eru skýr. Námsmat byggir á verkefnum nemenda sem eru sýnileg og skýrt tengd námsmatinu.
 - 2.2.1. Viðmið um árangur eru metin með orðunum hæfni náð”, “á góðri leið”, “tók ekki þátt” og “hæfni umfram viðmið”.
 - 2.2.2. Lokamat á sér stað við lok 10. bekkjar út frá matsviðmiðum 10. bekkjar.
 - 2.2.3. Matsviðmið við lok 4. og 7. bekkjar eru höfð við viðmiðunar um framfarir nemenda og skoðuð eru sérstaklega með framfarir nemenda í huga.
 - 2.2.4. Nemendum er gert kleift að ná árangri umfram hæfni- og aldursviðmið.
 - 2.2.5. Viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni eru skráð og aðgengileg nemendum, foreldrum og kennurum.
 - 2.3. Sérstök áhersla er lögð á að nám sé skapandi ferli. Þegar nemandinn getur orðað og gert grein fyrir nýrri hæfni eða þekkingu sem hann hefur öðlast hefur árangur náðst. Við lok verkefna gera nemendur grein fyrir því sem þau hafa lært eða uppgötvað.
 - 2.4. Litið er svo á að allir nemendur geti tekið framförum í námi og fundnar leiðir til þess.
 - 2.5. Gagnkvæm og regluleg upplýsingamiðlun um líðan, nám og framfarir nemenda á sér stað á milli nemenda, kennara og foreldra.
 - 2.6. Nemendur fá mjög reglulega tækifæri til að sýna náms- og lykilhæfni sína með verkum sínum.
 - 2.7. Nemendur rökstyðja val á viðfangsefnum sínum og sýna fram á tengingu nýrrar þekkingar við hugmyndir sínar.
 - 2.8. Framfarir hvers nemanda eru skráðar reglulega, m.a. samkvæmt könnunum og skimunum, og nýttar til að kortleggja framfarir nemandans.
 - 2.9. Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og endurskoða áætlanir.
 - 2.10. Nemendur setja sér sín eigin viðmið þegar við á og taka fullan þátt í að meta hvort verkefnavinna þeirra standist eigin væntingar.
 - 2.11. Nemendur gera eigin námsáætlanir í samvinnu við kennara og foreldra og meta árangurinn.
 - 2.12. Nemendasamtöl um framgang námsins og líðan eru reglubundinn hluti af námsmati.
 - 2.13. Nemendur þekkja eigin námstíl og hafa val um margvíslegar leiðir að markmiðum sínum.

Gæði kennslu

Kennsluhættir eru skapandi og fjölbreyttir og sniðnir að eðli frumkvöðlaverkefna, markmiðum náms og margbreytilegum þörfum allra nemenda. Verkefni hafa lágan þröskuld og hátt þak, þau einkennast af vali og hafa augljósan sýnilegan tilgang. Samþætting er einkennandi og markmið með námi eru ávallt skýr.

Starfshættir kennara endurspeglar stefnu og markmið skólans um frumkvöðlamennt sem kennslufræðilegt burðarvirki starfs með börnum. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og hópstjórnun. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Nemendur kynnast margvíslegum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu og sköpunarkraft. Verkefni fá þann tíma sem nauðsynlegt er til að hægt sé að kafa djúpt í efnið.

Viðmið og vísbendingar:

3. Gæði kennslu

- 3.1. Hæfni nemenda til að skapa er miðja kennslufræðilegar útfærslu verkefna í rúmum meirihluta verkefna sem nemendur fást við.
- 3.2. Lögð er áhersla á getu nemenda til aðgerða og athafna og kerfisbundið er unnið með lykilhæfnina.
- 3.3. Verkefni nemenda snúast um að efla nemendur og auka hæfni þeirra.
- 3.4. Áhugasviðsverkefni eru áberandi og áhugasvið nemenda fær reglulega að njóta sín.
- 3.5. Nemendur fá tækifæri til að vinna sjálfstætt og látið er reyna á þrautseigju.
- 3.6. Starfsfólk er skapandi og leitar leiða til að fara ótroðnar slóðir til að gefa nemendum tækifæri á að virkja sköpunarkraft sinn í verkefnavinnu og starfi.
- 3.7. Verkefni hafa oft augljósan og raunverulegan tilgang.
- 3.8. Verkefni reyna gjarnan á tengslanet nemenda og raunveruleg samskipti innan og utan kennslustofunnar.
- 3.9. Nemendur fá tækifæri til að útfæra eigin hugmyndir með verkefnum sínum.
- 3.10. Nemendur fá reglulega tækifæri til þess að láta ljós sitt skína, hver á sinn hátt.
- 3.11. Hnattvæðing og afleiðing hnattvæðingarinnar eru raunveruleg viðfangsefni nemenda og leiðir til að breyta heiminum til hins betra er hluti verkefnanna.
- 3.12. Verkefni nemenda snúast að miklu leyti um að æfa í öruggu umhverfi starfshætti fullorðinna, skipuleggja raunverulega viðburði, koma viðskiptatækifærum í framkvæmd og koma raunverulega að því sem í rekstri felst
- 3.13. Leikur er nýttur sem kennsluáferð.
- 3.14. Nemendur vinna saman að úrlausn verkefna og fá tækifæri til þess að ígrunda nám sitt.
- 3.15. Læsi er áberandi þáttur í skólastarfinu og tengist öllum námssviðum.
- 3.16. Kennslufræðileg hæfni kennara kemur skýrt fram í skipulagi náms og kennslu.
- 3.17. Í einstaklingsnámskrám sést hvernig tilhögun stuðnings einstakra nemenda er háttað og mælanleg markmið greinileg en þó tengd almennum starfsháttum nemenda.
- 3.18. Nemendur taka þátt í ákvörðunum um viðfangsefni og skipulagi í námi hópsins.
- 3.19. Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.
- 3.20. Skipulag í kennslustofum og á göngum gefur nemendum tækifæri til að velja sér vinnuaðstöðu eftir viðfangsefnum á vinnustöðvum.
- 3.21. Tölvur eru að minnsta kosti miðlægar og aðgengilegar öllum nemendum við upplýsingaleit sem nýtist í námi.
- 3.22. Nemendur eiga kost á að nýta fjölbreyttan tækjabúnaði í rannsóknum sínum.
- 3.23. Norræn hæfnimarkmið og kennslufræðilegar áherslur í frumkvöðlamennt eru nýtt til að rýna í gæði kennsluáætlanu og lögð sérstök áhersla á í viðfangsefni innra mats á hverju skólaári.

Námssvitund

Nemendur þekkja styrkleika sína í námi og eru áhugasamir. Nám þeirra tekur bæði mið af námskrá og áhugasviði. Nemendur eru hvattir til að taka frumkvæði, vera skapandi og bera ábyrgð á eigin námi og

framkomu.

Nemendur setja sér markmið um nám sitt og skipulag námsframvindu og fást við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni sem stuðla að virkri þátttöku, sköpun og reyna á rökhugsun. Nemendur og nemendahópar bera vaxandi ábyrgð, eftir aldri, á að velja viðfangsefni, þekkja og skilgreina viðmið, leiðir að markmiðum og námsaðferðum. Nemendur gera sér grein fyrir hver viðmið um árangur eru, læra að meta gæði vinnu sinnar og taka þátt í að meta eigin framfarir.

Vísbendingar:

4. Námsvitund

- 4.1. Nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt, nota hugmyndaflug og sköpunargleði.
- 4.2. Nemendur nýta eigið tengslanet í námi sínu.
- 4.3. Nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum.
- 4.4. Nemendum eru ljós markmið og viðmið um árangur sem birt eru í námsvísunum.
- 4.5. Nemendur læra að setja sér markmið í námi og nýta það kerfisbundið.
- 4.6. Nemendur og foreldrar eru kerfisbundið virkir þátttakendur um skipulag náms og persónumiðaðar áherslur.
- 4.7. Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sýnilegir í verkefnum nemenda.
- 4.8. Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum.
- 4.9. Nemendur gera sér grein fyrir og nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi.
- 4.10. Nemendur eiga í stigvaxandi mæli kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl, og það er vel sýnilegt.
- 4.11. Unnið er að því að efla nemendur í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu.
- 4.12. Lögð er áhersla með nemendum á tilfinningalæsi og félags- og samskiptafærni.
- 4.13. Nemendur fá stuðning til þess að tileinka sér og iðka þá hegðun sem talin er æskileg í skólanum.
- 4.14. Fræðsla um heilbrigða lífshætti og áhættuhegðun er skipulögð og birtist slík hegðun í daglegu skólalífi.

Ábyrgð og þátttaka

Starfsfólk og nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Tiltrú allra starfsmanna á nemendum er forsenda þess og viðmót alls starfsfólks séjákvætt. Nemendalýðræði er virkt í skólanum og einkennist af samvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í skipulagi náms og skólalífs.

Nemendur vita og gera ráð fyrir að markvisst sé leitað sjónarmiða þeirra um námsumhverfi, námstillhögun, fyrirkomulag skólalífs, líðan og félagslegar aðstæður í skólanum. Tekið er tillit til sjónarmiða nemenda og ríkar væntingar gerðar til þeirra um að vera stöðugt að taka þátt í því að bæta umhverfi sitt. Nemendur eru alltaf hafðir með í ráðum um ákvarðanir sem snerta þá.

Nemendur hafa reglulega tækifæri til að ræða málefni sín með samnemendum. Nemendafélag og nemendafulltrúar í skólaráði eru virkir og upplýsa nemendur um málefni er varða þá. Nemendur gera sér grein fyrir hlutverki sínu við að skapa jákvæðan skólabrag.

Viðmið og vísbendingar:

5. Ábyrgð og þátttaka

- 5.1. Skólinn vinnur með skipulögðum hætti að því að því að allir séu stöðugt að vinna að því að skapa betra skólalífi.
- 5.2. Skólinn vinnur með skipulögðum hætti að því að efla tilfinningaþroska, samkennd, félagsfærni, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda.
- 5.3. Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- 5.4. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.
- 5.5. Nemendur eru virkir þátttakendur í ákvörðunum um skólalífið í heild.
- 5.6. Nemendur eiga sæti í öllum ráðum og nefndum skólans.

- 5.7. Nemendur taka þátt í stefnumótunarvinnu skólans.
- 5.8. Til er skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað.
- 5.9. Nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag náms og skólastarfs.
- 5.10. Nemendur vita hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag, framkvæmd og mat á námi sínu og námsumhverfi.
- 5.11. Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif.
- 5.12. Leitað er sjónarmiða nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs.
- 5.13. Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður í skólanum.
- 5.14. Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum.
- 5.15. Nemendur fá reglulega tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á fundum í námshópum.
- 5.16. Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.
- 5.17. Nemendur skynja til hvers er ætlast af þeim í samskiptum, umgengni og námi.
- 5.18. Nemendur hafa formleg tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstillhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá.
- 5.19. Nemendur hafa tækifæri til að tjá sig um málefni sem tengjast þeim og hafa andmælarétt sem er virtur.
- 5.20. Nemendur eru virkir þátttakendur í stefnumótun og aðgerðum sem stuðla að jákvæðum skólabrag.

Skipulag náms

Skapandi nám er að stærstum hluta skipulagt þvert á námsgreinar. Stjórnendur fylgjast reglubundið með kennslu og taka virkan þátt í samræðu um þróun starfshátta og benda á leiðir til að vinna meira og oftar með sköpun. Skólastjórnendur eru virkir þátttakendur í þróun kennsluhátta í samræmi við nýsköpunarstefnu skólans.

Nemendur fá svigrúm til umræðna og skoðanaskipti eru eðlilegur hluti af námsferli. Sérstaklega er gert ráð fyrir að sköpunarþörf nemenda sé mætt með fjölbreyttu og skapandi umhverfi.

Kennarateymi bera sameiginlega ábyrgð á námi og líðan allra nemenda. Upplýsingatækni er eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis. Námsgögn eru fjölbreytt og nemendum aðgengileg.

Viðmið og vísbendingar:

6. Skipulag náms
 - 6.1. Kennarar ber sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu nemendahóps þvert á námsgreinar.
 - 6.2. Hönnunarferlið er áberandi í verkefnum nemenda.
 - 6.3. Kennarar vinna saman að því að skapa fjölbreytt verkefni og námsaðstæður.
 - 6.4. Val er einkennandi í verkum og viðfangsefnum nemenda.
 - 6.5. Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð sem hluti af námi og kennslu.
 - 6.6. Kerfisbundið er séð til þess að nám og námsaðstæður einkennist af skapandi vinnu nemenda.
 - 6.7. Samvinna nemenda er markvisst þjálfuð í gegnum verkefni og viðfangsefni.
 - 6.8. Nemendasamtöl eru regluleg, þar sem umsjónarkennari ræðir um nám og líðan við hvern nemanda.
 - 6.9. Í skólanum er það augljóst og sýnilegt að nemendur nýta námsumhverfi á fjölbreyttan hátt til sjálfstæðs náms eða samvinnu í námi.
 - 6.10. Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt til náms og nemendur tengjast fyrirtækjum, stofnunum, félagsamtökum og íþróttafélögum í gegnum verkefnavinnu.
 - 6.11. Nemendur fá aukin tækifæri til eigin sköpunar eftir því sem þau eldast.
 - 6.12. Nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum námsgögnum og nýta þau.
 - 6.13. Nemendur nýta upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni og meta eigin framfarir.
 - 6.14. Vefmiðlar og upplýsingatækni eru nýtt til að hvetja og efla hæfni barna til þátttöku í alþjóðlegu

- samfélagi.
- 6.15. Mikil áhersla er lögð á að fara fjölbreyttar leiðir til að nemendur kynnist margvíslegum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu og sköpunarkraft.
- 6.16. Fengist sé við fjölbreytt þemu þar sem reynir á verkunnáttu og sköpunarkraft þar sem hugur og hönd tengjast saman.

Norræn hæfnimarkmið og kennslufræðilegar áherslur í frumkvöðlamennt

Nýsköpunarskólar **skipuleggja 70% eða meira af sínum verkefnum með sterk einkenni frumkvöðlamenntar**. Verkefni eru samþætt og heildstæð og bera skýr einkenni athafnahæfni, sköpunarhæfni, skilning á umheiminum og að á persónulega hæfni reyni.

Til að meta gæði kennsluáætlana eða fyrirhugaðra verkefna er gott að nota matslista *Nýsköpunarlykilsins* eða einfaldlega snúa hæfniviðmiðunum upp í spurningar. Dæmi: **“Fá nemendur tækifæri til að setja upp sýningar á sameiginlegum verkefnum”?**

Ígrundun og sjálfsmat nemenda er mikilvægt og Nýsköpunarskólar nýta hæfniviðmiðin einnig með nemendum til að meta sína eigin athafnafærni, skapandi færni, persónulega færni og samfélagsfærni.

[Eftirfarandi hæfniviðmið byggja nær alfarið á](#) Norrænu hæfnimarkmiðunum og kennslufræðilegum áherslum í frumkvöðlamennt¹ og eru þau nýtt til viðmiðunar þegar nám og kennsla eru útfærð með nemendum í Nýsköpunarskólum.

Hæfniramminn skiptist í þrjú megin svið; athafnahæfni, sköpunarhæfni og skilning á umheiminum.

[4. bekkur](#)

Athafnahæfni: Nemandinn getur átt samstarf um verkefni og leyst einföld verkefni með aðstoð í skólanum og næsta nágrenni.

Leikni, Nemandinn getur:

- tekið þátt í einföldum verkefnum
- tekið þátt í einföldu samstarfi
- kynnt eigin niðurstöður og framleiðslu í skóla og næsta nágrenni
- Haft samband við persónulegt tengslanet
- unnið með einföld myndræn form og líkön
- sett upp sýningar á sameiginlegum verkefnum

Þekking, Nemandinn kann skil á:

- skipulagningu og markmiðum
- vinnu með öðrum
- samskiptum og einföldum kynningaraðferðum
- persónulegu tengslaneti
- framsetningu efnis og líkana

Sköpunarhæfni: Nemandinn getur unnið rannsóknarverkefni í einföldum skapandi ferlum og getur tekið afstöðu til niðurstaðna með því að notast við faglega undirstöðuþekkingu

Leikni, Nemandinn getur:

- notað hugmyndaflug og sköpunargleði í tengslum við nám og starf
- tengt ólík þekkingarsvið
- leikið með þekkingu
- tekið þátt í einföldum ferlum þar sem hugmyndir verða til

¹ [Frá draumi til veruleika. Norræn hæfnimarkmið og kennslufræðilegar áherslur í frumkvöðlamennt. Norræna ráðherranefndin 2016. Anders Rasmussen og Anne Fritzner bls. 11-13, sótt 4. janúar 2022.](#)

- tekið þátt í samtölum um mat á hugmyndum
- notað tilfinningaleg hugtök og myndmál

Þekking. Nemandi hefur þekkingu á:

- hugmyndaflugi og sköpunarkrafti
- einföldu skapandi ferli
- einfaldri sköpun hugmynda
- einfaldri fagurfræði

Skilningur á umheiminum: Nemandinn hefur fyrsta skilning á eigin sjálfsmynd og menningarlegum bakgrunni og getur ratað í einföldu umhverfi á heimaslóðum.

Leikni. Nemandinn getur:

- lýst eigin menningu
- notað peningahugtök við einfaldan útreikning
- átt samtöl um möguleika og áskoranir í nánasta umhverfi

Þekking. Nemandinn kann skil á:

- eigin menningu og annarra
- hugtakinu peningar
- vinnu- og frístundalífi
- fyrirtækjum og stofnunum í nánasta umhverfi

Persónuleg úrræði: Hugrekki til að láta reyna á sjálfan sig. Sjálfstraust á grundvelli eigin getu. Tekur frumkvæði með stuðningi frá kennurum og öðrum fullorðnum. Þrautseigja og seigla um skamman tíma. Viðurkenning á eigin mistökum og misskilningi. Þolir óöryggi um skamman tíma. Leggur áherslu á verkefni og áskoranir.

7. bekkur

Athafnahæfni: Nemandinn getur í samstarfi við aðra tekið frumkvæði, skipulagt, sett upp og leyst einföld verkefni í ákveðnu samhengi

Leikni. Nemandinn getur:

- lýst óvissu í tengslum við verkefni
- tekið virkan þátt í verkefnum
- notað persónulegt tengslanet
- tekið þátt í samstarfi
- kynnt niðurstöður og verkefni
- miðlað þekkingu með líkönum, skissum og myndrænni tjáningu

Þekking. Nemandinn kann skil á:

- einfaldri verkefnastýringu, skipulagningu, áhættuþáttum og úrræðum
- einföldum samstarfsaðferðum
- samskiptum, kynningaraðferðum og verkfærum
- persónulegu og skólatengdu tengslaneti
- líkönum, táknum og myndrænni tjáningu

Sköpunarhæfni: Nemandinn getur unnið sjálfstætt, unnið með tilraunir og könnun í skapandi ferli og metið niðurstöðurnar á grundvelli faglegrar þekkingar og fagurfræðilegra viðmiða.

Leikni. Nemandinn getur:

- tengt fagleg þekkingarsvið
- gert tilraunir með þekkingu

- tekið þátt í faglegri lausn vandamála
- unnið í skapandi ferli
- tekið þátt í sköpun hugmynda
- átt samtöl um mat á hugmyndum
- notað tilfinningaleg hugtök, rætt drauma um næstu framtíð

Þekking. Nemandinn kann skil á:

- hugmyndaflugi og sköpunargleði tengdri ólíkum fagsviðum
- skapandi ferli
- hnignunarferli
- fagurfræði

Skilningur á umheiminum: Nemandinn getur á grundvelli skilnings á eigin sjálfsmynd og menningarlegum bakgrunni ratað í ólíku tæknilegu, efnahagslegu, menningarlegu og félagslegu samhengi.

Leikni. Nemandinn getur:

- borið saman menningarheima
- átt samtöl um möguleika og vandamál í heiminum
- rætt eigin skilning á heiminum
- sett upp einfaldar fjárhagsáætlanir
- lýst efnahag og öðrum úrræðum í samfélaginu
- lýst hvernig fyrirtæki starfar

Þekking. Nemandinn kann skil á:

- muni á menningarheimum
- uppbyggingu og skipan samfélagsins
- fjármálum og ólíkum úrræðum
- skóla-, vinnu- og frístundalífi
- fyrirtækjum og stofnunum á heimaslóðum

Persónuleg úrræði: Hugrekki og vilji til að láta reyna á sjálfan sig og félagas sína. Ábyrgð á eigin verkefnum og annarra. Sjálfstraust á grundvelli eigin getu. Tekur frumkvæði með öðrum. Vilji til breytinga á eigin vinnuaðferðum, skoðunum og sjónarmiðum. Þrautseigja og seigla í langan tíma. Viðurkenning á eigin og annarra mistökum og misskilningi. Polir óöryggi um skamman tíma. Getur einbeitt sér að verkefnum og áskorunum í langan tíma.

10. bekkur

Athafnahæfni: Nemandinn getur í samstarfi við aðra tekið frumkvæði og skipulagt, tekið ábyrgð á, stjórnað, sett upp og leyst verkefni í ákveðnu samhengi

Leikn. Nemndinni getur:

- unnið verkefni með öðrum
- metið óvissu og áhættuþætti í tengslum við verkefni
- tekið þátt í ólíku samstarfi
- haft samband út fyrir persónulegt tengslanet
- byggt upp og notað eigið tengslanet
- kynnt niðurstöður og verkefni fyrir ákveðnum markhópi

Þekking. Nemandinn kann skil á:

- verkefnastýringu, skipulagningu, hagsmunaaðilum, áhættuþáttum og úrræðum
- samstarfsaðferðum og ferli
- persónulegu og faglegu tengslaneti
- samskiptum, kynningaraðferðum og verkfærum

Sköpunarhæfni: Nemandinn getur unnið sjálfstætt af þrautseigju, með tilraunum og könnun í skapandi ferli og metið niðurstöðurnar á grundvelli faglegrar þekkingar, reynslu og fagurfræðilegra viðmiða.

Leikni. Nemandinn getur:

- tengt ólík fagleg þekkingarsvið
- gert tilraunir af þekkingu og fagmennsku
- unnið með faglegar lausnir á vandamálum
- komið skipulagi á hugmynda-sköpun
- unnið í ólíku skapandi ferli
- rætt um mat á hugmyndum
- notað tilfinningaleg hugtök í tengslum við faglega þekkingu
- sett fram drauma og framtíðarsýnir

Þekking. Nemandinn kann skil á:

- hugmyndaflugi og sköpunargleði í samfélaginu
- skapandi ferli
- ólíkum myndum hugmyndasköpunar
- fagurfræði
- sköpunargleði í tengslum við fagmennsku

Skilningur á umheiminum: Nemandinn getur á grundvelli skilnings á eigin sjálfsmynd og menningarlegum bakgrunni ratað í og metið tæknilegt, efnahagslegt, menningarlegt og félagslegt samhengi.

Leikni. Nemandinn getur:

- lýst og borið saman ólíka menningarheima
- lýst möguleikum og vandamálum tengdum hnattvæðingu
- sett upp einfaldar fjárhagsáætlanir og bókhald
- greint og lýst úrræðum
- lýst einföldum viðskiptalíkönum
- sett spurningamerki við núverandi skilning sinn á heiminum

Þekking. Nemandinn kann skil á:

- ólíkum menningarheimum
- hnattvæðingu og afleiðingum hennar
- uppbyggingu samfélagsins, skipan, vandamálum og möguleikum
- atvinnulífi og framamöguleikum
- fjármálum og úrræðum